

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

45

16. maí

16. gr.

Ráðherra setur reglugerð um framkvæmd þessara laga. Þar skal meðal annars ákveða um kennslu í skólunum, tölu fastra kennara, námstilhögun og námsskrá, framkvæmd prófa, einkunnagjöf og prófskírteini.

Ráðherra setur skólanefndum, skólastjórum og kennurum erindisbréf, sem kveður á um verksvið þeirra.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1955.

Gjört í Reykjavík, 16. maí 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

L Ö G

46

16. maí

um breyting á lögum nr. 111 27. des. 1954, um greiðslu verðlagsuppbótar á laun opinberra starfsmanna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Frá 1. júlí 1955 skal greiða verðlagsuppbót á laun opinberra starfsmanna sem hér segir:

Á grunnlaun, sem eigi eru hærri en kr. 34560.00 á ári, að meðtalinni grunnlaunauppbót, greiðist verðlagsuppbót samkvæmt kaupgjaldsvísitölu þeirri, sem um ræðir í 2. gr., að viðbættum 10 stigum.

Á þann hluta grunnlauna, sem umfram er kr. 34560.00 á ári, að meðtalinni grunnlaunauppbót, skal verðlagsuppbótin nema 23 af hundraði.

Nú nær hækkun heildarlauna vegna ákvæða þessara laga ekki 5 af hundraði, miðað við það, sem þau hefðu verið eftir ákvæðum þeim um greiðslu verðlagsuppbótar, er voru í gildi fyrir 1. júlí 1955, og skal hlutaðeigandi starfsmanni þá greidd launauppbót til bráðabirgða, þannig að hækkun heildarlauna hans verði 5 af hundraði.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1955.

Gjört í Reykjavík, 16. maí 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Eysteinn Jónsson.